

LISTIR

Hin ómetan- lega gjöf

MYNDLIST

Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhúsi

BLÖNDUÐ TÆKNI
& MÁLVERK ERRÓ

Til áramóta. Opíð daglega
frá kl. 10–18.

VARLA hefur núverandi sýning á listaverkagjöf Errós í Hafnarhúsinu farið framhjá mörgum. Ef hún er ekki sýning ársins er hún að minnsta kosti lengsta sýning ársins og trúlega gott betur. Að stofni til er gjöf Errós á þriðja þúsund verka, en frá 1989. Í tilefni af opnun Hafnarhússins sem Errósafns bætti listamaðurinn um fimmtán hundruð verkum við upphafsgjöf sína til Reykjavíkurborgar. Þessi rausnarskapur sannar hið fornkveðna að endabótt hið opinbera reyni að komast af með eins lítið listum og listamönnum til handa gera íslenskir listamenn allt sem í þeirra valdi stendur til að koma til móts við sultarbuðu hins opinbera.

Pannig fá gestir á tilfinninguna þegar þeir koma í hið nýja Errósafn að gjafmildi listamannsins eigi sér lítil takmörk. Hver salur af öðrum er þakinn málverkum, einum risaflekanum á fætur öðrum. Fyrir þann sem ekki er vanur myndlist í sinni fjölbreytilegustu mynd er upphengid á jarðhæðinni helsti þétt. Við liggur að teikni-myndafígúrum Errós ráðist með heift að áhorfandanum og beri hann ofurlíði.

Til að ná andanum og komast í skilmerkilegra samband við sýninguna þarf að fara upp á aðra hæð safnsins þar sem söguleg framvinda listamannsins er bersýnilegri og áhorfandinn getur ferðast um mótunarár Errós, hina afdrifarku sjötta og sjöunda áratug, þegar hann þróaðist frá súrrealísku viðmiði til popp-skotnari myndgerðar. Það er fengur að öllum verkunum frá fyrstu tíu árunum eða frá því

undrabarnið málaði sitt fyrsta, kunna verk – Stríðið – árið 1946, aðeins fjórtán ára. Strax í þessari fyrstu alvörumynd sinni koma fram öll helstu einkenni þeirra vinnubragða sem hann átti eftir að tileinka sér síðar.

Þótt áhrif Roberto Matta á Erró séu vissulega mikil á sjötta áratugnum er einnig merkilegt að sjá allar beinagrindamyndirnar – svo sem Ljáinn, frá 1955–57 – sem benda til mikils skilnings Errós á mexíkönsku múrveggsmálurunum Orozco og Tamayo. Í þessum æskuverkum nýtur teiknarinn sín svo vel, geislandi af öryggi og ákefð. Ekki er verra að sjá salinn sem helgaður er kvikmynd þeirra Errós og Duvivier, Mécamorphose – á íslensku mætti leggja heitið út sem Vélumbreyting – frá 1962. Fyrir utan vélmenni og hvers kyns grimur er atriðið með konu sem liggur á borvélarbekki sláandi því það minnir á ekkert minna en Móðursýkisboga fransk-bandarísku listakonunnar Louise Bourgeois, sem leit dagsins ljós þrjátíu árum síðar.

Það er vissulega fengur að teikningum og klippimyndum Errós frá sjötta áratugnum, en það er ekki síður gaman að sjá nýlegar vatns-litamyndir listamannsins sem bera vott um tæknilega breidd hans. Pannig má segja að önnur hæðin búi yfir mun áhugaverðara úrtaki verka vegna þess hve sjaldan við fáum tækifæri til að kynna mótunarárum listamannsins með þeim hætti sem þau birtast okkur þar.

Hitt er svo annað mál að sýningarskráin veldur verulegum vonbrigðum. Í hana vantar alla þá flyngu sem þarf til að fylgja svona stórríflitssýningu úr hlaði. Ríflega fimmtíu blaðsíður duga skammt sem kynning á ferli Errós enda er ekki einu sinni gerð tilraun til að veita gestum málamyndainnsýn í þann myndheim sem við þeim blasir í Hafnarhúsinu. Einungis er látin nægja þurrasta tegund af ártalsbundinni ferilslyngu.

Þá eru textarnir í skránni vægast sagt yfirborðslegir enda kemst



Afnám kynþáttanna, frá 1959. 200 x 300 cm.



Ljáinn, frá 1955–57. 151 x 217 cm.

enginn þeirra upp af formálastiginu. Það hefði mátt ætla að metnaður safnsins væri þess eðlis að myndefni skrárinnar fylgdi eftir sýningunni og gerði fulla grein fyrir verkunum á veggjunum, en það er öðru nær. Ekki er minnst á Mécamorphose né nokkuð annað sem þrýðir þann ágæta sal frekar en kvikmyndin væri ekki til eða skipti engu máli. Þá er með öllu ótækt að hanna svona þunnildi með

hörðum spjöldum. Útkoman verður eins og barnabók fyrir yngstu lesendurna en ekki sýningarskrá fyrir fullorðna listunnendur.

Sýningin sjálf fær því sémilega einkunn – og góða einkunn ef einungis er tekið mið af efri hæðinni. Sýningarskráin fær hins vegar hreina fallelkunn. Það er eins og aðstandendur sýningarinnar skorti allan skilning á gildi slíkra fylgiritra. Því miður eru þeir ekki einir



Fangi vélanna, úr kvikmyndinni Mécamorphose, frá 1962.

um það. Langur slóði lélegra og léttvægra, íslenskra rita af þessum toga ber vott um skilningsleysi okkar á gildi þess sem eftir stendur þegar sjálfum sýningunum lýkur.

Halldór Björn Runólfsson

Íslendingar taka þátt í vef- listarþríæringi

ALPJÓÐLEGI veflistarþríæringurinn í Lodz í Póllandi fór nýverið fram í Central Museum of Textiles. Þríæringurinn er meðal þekktari veflistarsýninga í heiminum og var nú haldinn í tíunda sinn. Tveir Íslendingar tóku þátt, þær Þorbjörg Þórðardóttir og Kristín Jónsdóttir frá Munkaþverá en stjórn þríæringins valdi þær sem fulltrúa Íslands. Þátttakendur voru alls 128 frá 52 löndum en þetta er í fimmta sinn sem Íslendingar taka þátt, og í annað sinn sem Þorbjörg og Kristín eru þátttakendur. Heimasiða safnsins er á slóðinni: <http://www.muzeumwlokiennictwa.muz.pl>

Kynning á þjóðdansi

NORRÆNA húsið og Íslenska dansfræðafélagið efna til kynningar á gamla íslenska marsinum í Norræna húsinu í kvöld og 14. nóvember frá kl. 20–22.

Gamli íslenski marsinn naut mikilla vinsælda á 19. öldinni og langt fram á 20. öld. Hann hefur talsverða sérstöðu þar sem samskonar form þekktist ekki annars staðar á Norðurlöndum. Kennarar eru Aðalheiður Ragnarsdóttir og Kolfinna Sigurvinsdóttir. Sigríður Þ. Valgeirsdóttir segir frá marsinum og bakgrunni hinna ýmsu þátta hans.

Tónlistardagar Dómkirkjunnar

TÓNLIST

Dómkirkjan

ORGELTÓNLEIKAR

Marteinn H. Friðriksson lék verk eftir Jón Þórarinsson, J.S. Bach, Jón Leifs, Buxtehude og Petr Eben. Laugardaginn 3. nóvember.

ÞAÐ vantar ákveðið samhengi í þróun tónlistar á Íslandi og er það nokkuð áberandi í gerð orgeltónlistar. Orgelleikarinn Páll Ísólfsson fékkst einnig við gerð tónverka fyrir orgel en í dag eru orgelleikarar þöglir sem steinninn. Það er mjög sérkennilegt, að hinn stóri hópur íslenskra orgelleikara skuli ekki fást við gerð orgeltónlistar en láta það í hendur tónskáldum sem ekki eru orgelleikarar, þ.e. að viðhalda og auka við efnisskrá orgeltónlistar. Sama má segja um aðra íslenska hljóðfæraleikara og virðast margir þeir, sem fást við tónsmíði, ekki vera það sem kalla mætti leiknir hljóðfæraleikarar, og kemur þá fram í því að frekar lítið er til af nýjum einleiksverkum, t.d. fyrir píano og fiölu.

Á tónleikum Marteins H. Friðrikssonar á Tónlistardögum Dómkirkjunnar sl. laugardag voru tvö íslensk verk, Prelúdía, kórall og fúga eftir Jón Þórarinsson og Prelúdíe organo op. 16 eftir Jón Leifs. Verk Jóns Þórarinssonar er eitt af þeim verkum, sem báru með sér nýjan tíma í tónsköpun á Íslandi, og sama má segja um þrjú kóralforspil sem voru útgefin sem op. 16 eftir Jón Leifs, þótt verkin séu að öðru leyti tveggja tíma og mjög ólík að allri gerð. Tónstíll sá sem rekja má til Hindemiths styður sig við margt í eldri tónsmíðatekni er varðar tematíska skípan, viðveru tóntegunda og klassíska formbyggingu. Hin stefna framvinda er ómstríð og var sérlega skemmtilegt að heyra þennan gamla kunningja aftur í töluvert drifandi leik Marteins, sérstaklega var kórallinn vel leikinn, en fúgan var of hröð og stundum svolítið laus í formi hjá Marteini.

Tvö næstu verkin á efnisskránni eru eftir J.S. Bach, sálforleikurinn við O Mensch, bewein dein Sünde gross, nr. 24 í Das Orgelbüchlein, og Prelúdía og fúga í emoll, BWV 548. Sálforleikurinn,

með sínum fallettu skreytingum á sálmalaginu, var sérlega vel leikinn og sama má segja um prelúdíuna og fúguna, en þessi fúga, sem byggist á krómatisku stefi, er að formi til eins konar fantasia, sérkennilegur tæknileikur og eina tilfellið um Da Capo-fúgu. Þrjár sálmautfærslur eftir Jón Leifs eru um margt merkilegar tónsmíðar en ef til vill var flutningur þeirra ekki í því jafnvægi sem hentar þessum verkum og ætti trúlega að vera nokkuð hægari en Marteinn lék þau. Prelúdía, fúga og ciaccona eftir Buxtehude er eins og mörg verk þessa snillings laust í formi en tónmálið þó ávallt áhugavert og var þetta verk vel flutt en bestur var flutningur Marteins á löngu og margþættu verki eftir Petr Eben sem hann kallar Homage à Dietrich Buxtehude. Þetta er tilþrífamikið og á köflum kraftmikið verk, með alls konar tilvisunum og mikinn margbreytileika í útfærslu tónhugmyndanna, mjög gott verk, sem Marteinn H. Friðriksson lék aldeilis frábærlega vel og auðhæyr að honum lætur vel að túlka tónlist eftir Petr Eben.

Jón Ásgeirsson

Til sölu - Jón Stefánsson



„ESJAN“

Olía á masónít,
50 x 70.

Var á sýningu í
Grönnigen '59.

Upplýsingar í síma
894 5031, Ragnar.